



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

24. febrúar 2004

*Alþingi  
Erindi nr. P 130/1155  
komudagur 26.2.2004*

Fangelsismálastofnun vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 6. febrúar sl., þar sem stofnuninni var sent til umsagnar frumvarp til laga um fullnustu refsinga.

Fangelsismálastofnun vill koma að eftirfarandi athugasemdum við framangreint frumvarp:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að dómsmálaráðherra fari með yfirstjórn fangelsismála. Í athugasemdum við þessa grein segir að þetta sé óbreytt skipan frá núgildandi lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988. Fangelsismálastofnun vill vekja athygli á að í 1. gr. gildandi laga um fangelsi og fangavist segir einnig að ríkið skuli eiga og reka öll fangelsi hér á landi. Þetta atriði er ekki í frumvarpinu og engar skýringar gefnar á þessari breytingu.
2. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra skipi forstöðumann fangelsis. Samkvæmt 5. gr. gildandi laga skal öðrum fremur ráða mann sem lokið hefur viðurkenndu lokaprófi frá háskóla. Rekstur fangelsis er það flókin, starfið það vandasamt og yfirgripsmikið að Fangelsismálastofnun telur að undantekningarlaust eigi að gera þá kröfu til forstöðumanns fangelsis að hann hafi lokið háskólanámi.
3. Í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er lagt til að öðru jöfnu skuli ekki skipa aðra fangaverði en þá sem lokið hafi prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins. Samkvæmt 6. gr. gildandi laga skal fangavörður hafa lokið prófi frá Fangavarðaskóla ríkisins áður en hann er skipaður. Fangelsismálastofnun telur mjög mikilvægt að ekki verði slakað á kröfum um menntun fangavarða.
4. Í 1. mgr. 23. gr. frumvarpsins er lagt til að læknir skoði fanga við upphaf afplánunar nema Fangelsismálastofnun telji það óþarft. Af þessu tilefni vill Fangelsismálastofnun vekja athygli á því að skv. 29. gr. evrópskra fangelsisreglna skal fangelsislæknir vitja hvers fanga og skoða hann eins fljótt



og unnt er eftir móttöku hans. Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) fjallar um þessa reglu í leiðbeiningum sínum: The CPT standards – “substantive” sections of the CPT’s General Reports” sem finna má á internetinu á slóðinni: <http://www.cpt.coe.int/en/docspublic.htm>. Í 33. mgr. á bls. 31 í leiðbeiningunum er lögð áhersla á að þessi regla sé virt. Í skýrslu nefndarinnar til ríkisstjórnar Íslands sem samþykkt var í framhaldi af heimsókn nefndarinnar til Íslands 6. – 12. júlí 1993 lagði nefndin til að íslensk stjórnvöld gerðu ráðstafanir að þessu leyti. Með vísan til framanritaðs leggur Fangelsismálastofnun til að 1. mgr. 23. gr. orðist svo: Læknir skoðar fanga við upphaf afplánunar.

5.Í 3. mgr. 42. gr. er lagt til að fanga sé heimilt að hafa peninga í klefa sínum ... . Fangelsismálastofnun telur skýrara að í stað orðanna “í klefa sínum” komi: í fangelsi.

Að öðru leyti en að framan greinir telur Fangelsismálastofnun eigi tilefni til að gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Þorsteinn A. Jónsson